

**Fundargerð skipulagsnefndar UTU**  
**252. fundur skipulagsnefndar UTU**  
haldinn að Laugarvatni, miðvikudaginn 11. janúar 2023  
og hófst hann kl. 09:00

**Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Walter Fannar Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson, Nanna Jónsdóttir, Vigfús Þór Hróbjartsson, Davíð Sigurðsson og Elísabet D. Erlingsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi.

**Dagskrá:**

- 1. Bergsstaðir L167060; Kringlubraut 1 og 3; Skilgreining lóða; Deiliskipulag - 2201066**  
Lagt er fram deiliskipulag Kringlubrautar 1 og 3 eftir auglýsingu og afgreiðslu sveitarstjórnar. Athugasemdir bárust við gildistöku deiliskipulagsins frá skipulagsstofnun og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum gögnum og samantekt andsvara og viðbragða frá umsækjanda.  
*Skipulagsnefnd UTU telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti þar sem við á. Nefndin telur ekki ástæðu til að taka afstöðu til umsagnar Vegagerðarinnar þar sem vegurinn er ekki skráður héraðsvegur og ekki liggur fyrir hvort að landeigendur ætli að beita sér fyrir því að viðkomandi vegur verði skráður sem slíkur. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna þar sem við á. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnunar til varðveislu.*
- 2. Skálabrekka L170163; Færsla malarnámu E3; Óveruleg aðalskipulagsbreyting - 2301014**  
Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sem tekur til tilfærslu á námupunkti E3 í landi Skálabrekku.  
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar áður en niðurstaða sveitarstjórnar verður kynnt.*

**3. Skálabrekka L170163; Vegakerfi; Framkvæmdarleyfi - 2212093**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Heiðarás ehf. í framkvæmdinni felst veglagning í landi Skálabrekku, L170163. Framkvæmdin byggir á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar helstu forsendur leyfisins komi fram innan gildandi deiliskipulags fyrir svæðið.*

**4. Hrosshagi L167118; Ærhúsbakki; Stofnun lóðar - 2212079**

Lögð er fram umsókn frá Gunnari Sverrissyni um stofnun lands úr landi Hrosshaga. Um er að ræða 5,63 ha land sem fær staðfangið Ærhúsbakki.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykki erindið. Nefndin bendir á að hverskyns framkvæmdir innan landsins eru háðar gerð deiliskipulagsáætlunar.*

**5. Lyngbraut 5 L190167; Spennistöðvarlóð; Stofnun lóðar - 2212073**

Lögð er fram umsókn frá Jarðaberjalandi ehf er varðar stofnun lóðar fyrir spennistöð úr lóð 190167.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða umsókn og mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að stofnun lóðarinnar verði samþykkt með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins sem gerir grein fyrir staðsetningu lóðarinnar. Deiliskipulagsbreyting fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykki erindið.*

**6. Bóðmóðsstaðir 1 L167625; Staðfesting á afmörkun jarðar og breytt stærð - 2212056**

Lögð er fram umsókn frá Auðunni Árnasyni er varðar staðfestingu á afmörkun jarðar Bóðmóðsstaða 1, L167625.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar og framlögð gögn skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykki erindið.*

**7. Laugarvatn; Krikinn; Deiliskipulagsbreyting - 2301018**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til lóða Krika 1 og 2 innan deiliskipulags að Laugarvatni. Í breytingunni felst minnkun lóðanna og skilgreining nýrrar aðkomu að Krika 2.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

8. **Austurey 1 (L167622) og 3 (L167623); Breytt landnotkun; Breytt vegstæði; Aðalskipulagsbreyting - 2107015**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar í landi Austureyjar 1 og 3 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að frístundalóðinni Eyrargötu 9 er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Hús er til staðar á lóðinni og hefur það verið leigt út fyrir gistingu. Einnig verður gerð breyting á aðkomuleið, Vagnbraut, auk annarra minniháttar breytinga á götum. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt andsvara og viðbragða.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar er framlögð breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins ekki þess eðlis að hafa veruleg áhrif umfram núverandi notkun svæðisins. Breytingin tekur til húss sem er nú þegar í notkun en ekki til nýframkvæmdar innan lóðarinnar. að mati nefndarinnar er eðlis munur notkunar hússins eftir því hvort húsið er á skilgreindu frístundasvæði eða skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði ekki slíkur að veruleg breyting verði á högum nágretta vegna þessa. Nefndin leggur áherslu á að skilgreind bílastæði séu afmörkuð með skýrum hætti innan deiliskipulags og að frjáls för almennings um vatnsbakkan verði ekki hindruð á lóðum innan svæðisins. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu þar sem skilgreind notkun hússins er uppfærð í takt við breytt aðalskipulag auk þess sem gestafjöldi er hámarkaður við 15 gesti. Samantekt á umsögnum og athugasemdum er lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum og andsvörum sem nefndin leggur til við sveitarstjórn. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

9. **Austurey 1 og 3; Eyrargata 9 og Illósvegur 6; Deiliskipulagsbreyting - 2202048**

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi fyrir Austurey I og III eftir kynningu. Í breytingunni felst að lóð Eyrargötu 9 er skilgreind sem lóð fyrir gistihaus í stað frístundahúss auk þess sem breyting er gerð á legu lóðar og byggingarreitar Illósvegar 6 og skilgreindar byggingarheimildir. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma deiliskipulagsbreytingarinnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt andsvara og viðbragða.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna þar sem við á. Breytingin tekur til húss sem er nú þegar í notkun en ekki til nýframkvæmdar innan lóðarinnar. að mati nefndarinnar er eðlis munur á notkun hússins eftir því hvort húsið er á skilgreindu frístundasvæði eða skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði ekki slíkur að veruleg breyting verði á högum nágretta vegna þessa. Nefndin leggur þó áherslu á að skilgreind bílastæði séu mörkuð með skýrum hætti innan deiliskipulags og að frjáls för almennings um vatnsbakkan verði ekki hindruð á öllum lóðum innan svæðisins. Samhliða breytingu á deiliskipulagi er lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu þar sem skilgreind notkun hússins er uppfærð í takt við breytt deiliskipulag. Innan deiliskipulags er gestafjöldi hámarkaður við 15 gesti sem skal taka tillit til við útgáfu rekstrarleyfis. Nefndin telur að breytingar sem taka til Illósvegar 6 séu ekki þess eðlis að íþyngjandi verði fyrir nágretta eða umhverfis umfram það sem fyrir er á svæðinu.*

*Byggingarmagn minnkar og lóðin að sama skapi. Að öðru leiti vísar nefndin til samantektar á umsögnum og athugasemdum sem lögð er fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum og andsvörum sem nefndin leggur til við sveitarstjórn. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42.gr.skipulagslaga nr.123/2010.*

**10. Skálmholt land G L199351; Fyrirspurn - 2212096**

Lögð er fram beiðni frá Kolbeini Þór Sigurðssyni er varðar heimild til deiliskipulagsgerðar á landi Skálmholts land G, L199351.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlagða fyrirspurn. Landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði. Samkvæmt flokkun landbúnaðarlands virðist landið falla í flokk 4 - annað land. Við gerð deiliskipulagsáætlunar fyrir landið skal horfa til skilmála aðalskipulags Flóahrepps er varðar landbúnaðarland auk annarra takmarkanna s.s. varðandi fjarlægð frá stofn- og tengivegum, minjaskráningar, veitna, umhverfisáhrifa, aðkomu og/eða annarra kvaða sem gætu tekið til svæðisins.*

**11. Lynghæð L196512; Deiliskipulagsbreyting - 2206038**

Lögð er fram umsókn frá Þorvaldi Árnasyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512. Málinu var synjað á fundi sveitarstjórnar 5.7.2022. Nýr uppdráttur lagður fram til afgreiðslu. Í breytingunni felst ný skilgreining byggingarreita innan lóðar og uppfærsla á byggingarheimildum. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindir eru þrír nýir byggingarreitir fyrir gestahús neðan við núverandi skemmu og nýr reitur fyrir útihús suðvestan við núverandi skemmu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi*

**12. Snæfoksstaðir (L168278); byggingarheimild; fjarskiptamastur - 2301005**

Fyrir liggur umsókn Gautar Þorsteinssonar fyrir hönd Nova hf. með umboð landeiganda, móttokin 21.12.2022 um byggingarheimild til að reisa 8m fjarskiptamastur á jörðinni Snæfoksstaðir (L168278) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu. Málið verði kynnt lóðarhöfum Kolgrafarahólsvegur 2, 4 og 6 og Austuheiðarvegur 8, L169527.*

**13. Borg þéttbýli; Verslunar-, þjónustu- og íbúðalóðir við Miðtún; Deiliskipulag. - 2210039**

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðabyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Skipulagstillagan var kynnt frá 1.12.22 - 22.12.22 engar athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins*

**14. Minni-Bær beutiland L168265; Breyting landnotkunar; Fyrirspurn - 2301010**

Lögð er fram fyrirspurn vegna Minni-Bæjar beutilands, L168265. Í fyrirspurninni felst að óskað er eftir því að unnin verði óveruleg breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps sem tekur til viðkomandi lands með þeim hætti að frístundasvæði breytist í landbúnaðarsvæði L3.

*Skiuplagnesnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlagða fyrirspurn og að samþykkt verði að unnin verði óverulega breyting á aðalskipulagi sem tekur til viðkomandi landsspildu með fyrirvara um skriflegt samþykki landeigenda aðliggjandi landeigna.*

**15. Álfaskeið L233749; Framkvæmdarleyfi - 2301012**

Lögð er fram umsókn frá Skógarálfum ehf um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á landi Álfaskeiðs. Óskað er eftir áframhaldandi framkvæmdarleyfi til viðbótar gróðursetningar á 57,7 ha. Nú þegar er búið er að gróðursetja í um 75 ha sem búið er að veita framkvæmdarleyfi fyrir. Áætlunin gerir ráð fyrir því að gróðursett verði í samtals í 132,7 ha sbr. meðfylgjandi ræktunaráætlun.

*Skipulagsnefnd vísar í fyrri bókun vegna málsins þar sem mælt var til að viðkomandi svæði yrði skilgreint sem skógræktar og landgræðslusvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Við gildistöku nýs aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps kemur hins vegar fram undir almennum skilmálum er varðar skógræktar- og landgræðslusvæði, að skógrækt er heimil á landbúnaðarlandi í flokkum L2 og L3 og skjólbeltarækt er heimil alls staðar í byggð. Viðkomandi svæði fellur undir þá landnýtingu. Hins vegar telur nefndin mikilvægt að sveitarfélagið móti sér ítarlegri stefnu er varðar viðkomandi landnýtingu innan sveitarfélagsins í heild. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að málið verði grenndarkynnt með sambærilegum hætti og fyrra framkvæmdaleyfi sem gefið var út vegna skógræktar í umræddu landi.*

**16. Grænahlíð opið svæði L233882; Veglagning; Framkvæmdarleyfi - 2212095**

Lögð er fram beiðni frá Brúarholti ehf. er varðar framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu í landi Grænuhlíðar. Framkvæmdin byggir á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr.123/2010 þar sem allar helstu forsendur leyfisins komi fram innan gildandi deiliskipulags Grænuhlíðar.*

**17. Brúarey 3 L225702; Úr sumarhúsi í íbúðarhús; Deiliskipulagsbreyting - 2212092**

Lögð er fram umsókn frá Ara sigurðssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Brúarey 3, L225702. Í breytingunni felst að gert verði ráð fyrir íbúðarhúsi í stað frístundahúss innan deiliskipulags.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja framlagða breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan deiliskipulagssvæðisins.*

**18. Brekkur 8 L225993 og Brekkur 9 L219238; Stækkun bygg.reita; Deilisk.breyting - 2212069**

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Efri-Brúar sem tekur til lóða Brekkur 8, L225993 og Brekkur 9, L219238. Í breytingunni felst að byggingarreitir beggja lóða eru skilgreindir í 10 metra fjarlægð frá innbyrðis lóðarmörkum á milli lóðanna. Lóðirnar eru í eigu sama aðila.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt sumarhúsafélagi svæðisins.*

**19. Villingavatn L170953; Villingavatn L170831; Stækkun lóðar - 2212094**

Lögð fram umsókn Kjartans G. Jónssonar er varðar stækkun lóðarinnar Villingavatn L170953. Lóðin er í dag skráð 5.533 fm en verður 8.053 fm eftir stækkun. Stækkunin kemur úr jörðinni Villingavatn L170831.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlagða tillögu að stækkun lóðarinnar.*

**20. Flúðir iðnaðarsvæði; Spennistöðvalóðir, Deiliskipulagsbreyting - 2301007**

Lögð er fram umsókn frá Hrunamannahreppi er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Flúðum í Hrunamannahreppi. Koma þarf fyrir 3 smáum spennistöðvum í vaxandi iðnaðarbyggð. Breytingin samræmist aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 innan reits AT2. Að öðru leyti er ekki um að ræða breytingu á deiliskipulaginu og skilmálar haldast óbreyttir.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

**21. Miðfell 7 L234761; Lögbýlislóð og byggingarheimildir; Deiliskipulag - 2212041**

Lögð er fram umsókn frá Herðísi Skúladóttir er varðar nýtt deiliskipulag fyrir land Miðfell 7, L234761. Innan deiliskipulagsins er gert er ráð fyrir stofnun lögbýlis, ásamt byggingu íbúðarhús, hesthús og tengdra mannvirkja.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

**22. Brúarhlöð L166757; Land Hauksholts 1; Móttaka ferðamanna; Deiliskipulag - 2010064**

Lögð var fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Brúarhlaða L166757 í landi Hauksholts eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til um 6 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**23. Holtabyggð lóð 308 L200527; Holtabyggð land L190742; Staðfesting á afmörkun lóðar - 2301030**

Lögð er fram umsókn um staðfestingu á hnitsettri afmörkun lóðarinnar Holtabyggð lóð 308 L200527. Afmörkun lóðarinnar breytist örlítið frá skipulagi og málsettu lóðablaði sem fylgdi með stofnskjali á sínum tíma þar sem breytingin á afmörkun fer inn á Holtabyggð land L190742. Skráð stærð lóðarinnar í fasteignaskrá breytist ekki. Fyrir liggur samþykki eiganda lóðareiganda og lóðarhafa, sem og eiganda landsins sem breytingin nær inn á, fyrir hnitsetningu lóðarinnar.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn, með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins sem gerir grein fyrir breyttri legu lóðarinnar. Deiliskipulagsbreyting fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.*

**24. Reykholt í Þjórsárdal; Deiliskipulagsbreyting - 2208038**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar breytingu á deiliskipulagi Reykholtis í Þjórsárdal eftir auglýsingu. Í breytingunum felst að hliðra til byggingarreit B1, breyta lóðarmörkum lítilla án þess þó að breyta lóðarstærð, uppfæra byggingarmagn á byggingarreitum og skilmála um lón og að bæta inn byggingarreit yfir borholu. Tilgangur breytinganna er að fella megi byggingar fyrirhugaðra fjallabaða betur að landinu. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingartíma breytingartillögunar sem eru lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum og viðbrögðum umsækjanda og uppfærðum gögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og framlagðrar samantektar vinnsluáðila deiliskipulagsbreytingarinnar sem lögð er fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að breytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**25. Kálfhóll 2 L166477; Stofnun lóðar - 2212071**

Lögð er fram umsókn frá Gesti Þórðarsyni er varðar stofnun lóðar úr landi Kálfhóls 2. Um er að ræða 3ha lóð sem fær staðfangið Kálfhóll 3 sbr. umsókn.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki erindið. Skipulagsnefnd bendir á að innan lóðarinnar er gerð deiliskipulags, forsenda framkvæmda.*

**26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-176 - 2212003F**

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-176.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00



**Fundargerð skipulagsnefndar UTU  
253. fundur skipulagsnefndar UTU  
haldinn miðvikudaginn 25. janúar 2023  
og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Herbert Hauksson, Walter Fannar Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Nanna Jónsdóttir, Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi og Elísabet D. Erlingsdóttir aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa.

**Fundargerð ritaði:** Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi

Nefndarmenn tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað og fundargerð send til rafrænnar undirritunar.

**Dagskrá:**

**Ásahreppur:**

**1. Vallarás (Ásmúli lóð 3) L192728; Skilgreining lóða og byggingarskilmálar; Deiliskipulag - 2301053**

Lögð er fram umsókn frá Guðmundi Guðlaugi Gunnarssyni er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til lands Ásmúla lóð 3 L192728 í Ásahreppi. Samhliða er óskað eftir því að staðfangið Vallarás verði notað innan svæðisins. Í deiliskipulaginu felst heimild til að stofna 7 landspildur út úr Vallarási (Ásmúla lóð 3) og munu þær fá nafnið Vallarás 1-7, spildurnar eru um 6 ha hver. Heimilt er að hafa fasta búsetu á spildunum og stunda þar landbúnaðartengda starfsemi eða annan minniháttar atvinnurekstur ótengdan landbúnaði.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að byggingarheimildir og byggingarmagn innan framlagðs deiliskipulags verði skilgreint með ítarlegri hætti innan tillögunnar og mælist til þess að málinu verði frestað til næsta fundar nefndarinnar. Skipulagsfulltrúa falið að eiga samskipti við umsækjanda og hönnuð skipulagsins varðandi ítarlegri útfærslu skipulagsskilmála.*

**2. Lækjartún II L215415; Lækjartún II tengivirki L230714 og Lónsheiði 1, 2, 3, 5 og 7; Fjölgun iðnaðarlóða; Deiliskipulagsbreyting - 2209081**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar vegna tengivirkis í landi Lækjartúns II L215415 eftir auglýsingu. Með deiliskipulagsbreytingunni er bætt við 5 lóðum austan við lóð tengivirkis. Á nýjum lóðum er heimilt að byggja upp hreinlegan orkufrekan iðnað. Með breytingunni stækkar skipulagssvæðið úr ríflega 2 ha í um 8 ha. Umsagnir bárust á auglýsingatíma breytingartillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við hreppsnefnd Ásahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild*

*Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Bláskógabyggð:**

**3. Eyvindartunga Frístundabyggð neðan Laugarvatnsvegur; Deiliskipulag - 1706048**

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi svæðis úr landi Eyvindartungu sem liggur frá Laugarvatnsvegi að Laugarvatni, milli Litluár og Djúpár, eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til svæða sem eru skilgreind sem F23 og F24 innan aðalskipulags Bláskógabyggðar þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir allt að 60 frístundalóðum. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að ákvarða lóðamörk, byggingarmagn og nýtingarhlutfall innan svæðisins auk þess sem gert er grein fyrir aðkomu og veitum. Sveitarstjórn og skipulagsnefnd frestuðu afgreiðslu málsins eftir auglýsingu og fóru fram á minjaskráningu fyrir svæðið í takt við umsögn Minjastofnunar. Uppfærð gögn ásamt minjaskráningu lögð fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna, ekki er talin þörf á endurauglýsingu vegna skilgreiningar á minjum innan skipulagssvæðisins en nefndin leggur áherslu á að framkvæmdir í grennd við skráða hugsanlega minjastaði innan tillögunnar verði unnar í samráði við Minjastofnun. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**4. Útey 1 L167647; Nýtt hótél, verslun- og þjónustusvæði og stækkun frístundabyggðar; Fyrirspurn - 2301046**

Lögð er fram fyrirspurn frá Hólá ehf. er varðar uppbyggingu á landi Úteyjar 1 sbr. meðfylgandi gögn. Í framlögðum áætlunum felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæðum og stækkun núverandi frístundasvæðis innan jarðarinnar auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarlandi.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn og vísar málinu til afgreiðslu og umræðu innan sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að horfa sérstaklega til umhverfisáhrifa er varðar fjarlægð frá vatni og fráveitumála komi til uppbyggingar á svæðinu í takt við þær áætlanir sem lagðar eru fram innan fyrirspurnar. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að samráð við nágretta við vinnslu hugsanlegra breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi viðkomandi svæða. Að mati nefndarinnar er skynsamlegt að skipta deiliskipulagi svæðanna eftir viðeigandi landnotkun hverju sinni.*

**5. Laugarás; Þéttbýli og frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2110095**

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 eftir auglýsingu. Breytingin tekur til þéttbýlisins í Laugarási og frístundabyggðar sem liggur að þéttbýlinu. Gert er grein fyrir helstu breytingum innan greinargerðar skipulagsbreytingar. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagstillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu hennar ásamt samantekt andsvara og viðbragða vinnuhóps vegna skipulagsmála í Laugarási.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við þeim athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna og innan samantektar á umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna breytinganna. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

#### **6. Gatfellsskáli; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211017**

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Gatfellsskála í Bláskógabyggð eftir auglýsingu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti. Skipulagssvæðið er um tæpur 1 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **7. Skjaldborg og Kerling; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211018**

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Skjaldborgar og Kerlingar í Bláskógabyggð eftir auglýsingu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um tæpur 1,2 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **Flóahreppur:**

#### **8. Loftstaðir-Vestri; verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag - 2204020**

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftstaðir-Vestri eftir auglýsingu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er

varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum, 40-75 fm að stærð hvert, auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu, annars vegar 22 fm að stærð og hins vegar 48 fm að stærð. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögurnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagstillögunni eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið er stækkað töluvert frá fyrri tillögu m.a. með það að markmið að færa uppbyggingarsvæðið fjær Loftstöðum-Eystri og til að taka tillit til fornleifa innan skipulagssvæðisins. Byggingarreitum fjölgar en byggingarmagn og fjöldi bygginga er óbreyttur.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Að mati nefndarinnar eru breytingar sem gerðar voru á skipulagstillögunni eftir auglýsingu ekki þess eðlis að ástæða sé til að auglýsa tillöguna á nýjan leik þar sem umfang og gerð bygginga eru óbreytt og stækkun skipulagssvæðisins er innan marka Lofstaða-Vestri án þess að hafa áhrif á aðliggjandi jarðir eða nággranna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **9. Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2209025**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Krækishóla. Í breytingunni felst breyting á landnotkun úr frístundasvæði í íbúðarsvæði. Samhliða er lögð fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til sama svæðis. Skipulagslýsing var í kynningu frá 17.11. - 9.12.22. Umsagnir sem bárust við lýsingu er lagðar fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfæringar á gögnum. Nefndin mælist til þess að málið verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum innan svæðisins sem breytingin tekur til.*

#### **10. Krækishólar; Frístundasvæði í íbúðarsvæði; Deiliskipulagsbreyting - 2209023**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar á deiliskipulagi frístundasvæðis við Krækishóla. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt með fyrirvara um lagfærð gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði auglýst samhliða tillögu aðalskipulagsbreytingar þegar hún hefur verið samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn. Nefndin mælist til þess að málið verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum innan svæðisins sem breytingin tekur til.*

#### **Grímsnes- og Grafningshreppur:**

#### **11. Neðan-Sogsvegar 14 (L169341); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður, breytt notkun í gestahús - 2212091**

Fyrir liggur umsókn Páls Gunnlaugssonar fyrir hönd Kristjáns Arnarssonar og Sifjar Arnarsdóttur, móttokin 22.12.2022, um byggingarheimild fyrir breyttri notkun í gestahús á þegar byggðum 54,1 m<sup>2</sup> sumarbústaði mhl 01, byggður árið 1960 sem er staðsettur á sumarbústaðalandinu Neðan-Sogsvegur 14 L169341 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Skipulagsnefnd bendir á að nógildandi heimildir deiliskipulags gera ekki ráð fyrir því að aukahús geti verið stærri en 40 fm á lóð. Ekki var gerð athugasemd við að lögð væri fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi þegar fyrirspurn vegna breytinga á skilmálum var tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar þann 14.12.22. Umsókn um deiliskipulagsbreytingu hefur ekki borist embætti UTU. Ein af forsendum á útgáfu byggingarleyfis fyrir nýju húsi á lóð Neðan-Sogsvegur 14 var sú að eldra húsið sem um ræðir yrði fjarlægt af lóðinni og veitti sveitarstjórn frest til árs þann 2.3.22 til að fjarlægja húsið. Skipulagsnefnd bendir á að óháð heimildum aðalskipulags er varðar stærðir aukahúsa stendur viðkomandi hús innan takmarkana er varða fjarlægð frá Álftavatni. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreypps umsókn um breytta notkun hússins verði synjað og vísar til fyrri afgreiðslna vegna málsins.*

**12. Klausturhólar L168258; Klausturhólar vegsvæði; Stofnun lóðar - 2301021**

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun lóðar fyrir 24.188 fm vegsvæði úr landi Klausturhóla L168258.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreypps samþykki erindið.*

**13. Hæðarendi L168254; Hæðarendi vegsvæði; Stofnun lóðar - 2301022**

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun 58.585 fm lóðar fyrir vegsvæði úr landi Hæðarenda L168254.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreypps samþykki erindið.*

**14. Búrfell 3 L168238; Búrfell 3 vegsvæði; Stofnun lóðar - 2301023**

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun 32.930 fm lóðar fyrir vegsvæði úr landi Búrfells III.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreypps samþykki erindið.*

**15. Búrfell 1 L168236; Búrfell 1 vegsvæði; Stofnun lóðar - 2301024**

